

Lagt fram á fundi bæjarráðs 5. desember 2019.

Fyrirspurn frá fulltrúa Samfylkingar, Öddu Maríu Jóhannsdóttur:

1. 1911351 – Vatnsveita, krafa um yfirferð gjaldskrár, vatnsgjald

Óskað er upplýsinga um stöðu ofangreinds máls sem var til umræðu á fundi bæjarráðs þann 21. nóvember sl.

Svar:

Samorka og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa tekið upp viðræður við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið þar sem óskað var eftir því að 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga yrði skýrð og þá tekið mið af þeirri túlkun, sem sveitarfélögin hafa gengið út frá áratugum saman, að fjármagnskostnaður taki bæði til kostnaðar vegna lánsfjár og kostnaðar vegna eigin fjár. Framangreind túlkun á sér einnig stoð í lögskýringargögnum, þ.e. greinargerð og nefndaráliti með frumvarpinu á sínum tíma.

Samorka og Samband íslenskra sveitarfélaga vinna enn að málinu með ráðuneytinu og hefur ráðuneytið framlengt frest til 10. janúar 2020.

Samorka stefnir á að bjóða forsvarsmönnum vatnsveitna til fundar um málið og hafa samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga þar um. Gert er ráð fyrir að sá fundur verði í annarri viku desembermánaðar.

Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs